Ríkissaksóknari

# Ársskýrsla 2023

# Efnisyfirlit


1. Um verkefni ríkissaksóknara ........ 3
2. Tölulegar upplýsingar ........ 7
   - 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra ........ 8
   - 2.2. Ákærðir ........ 16
   - 2.3. Gæsluvarðhald ........ 17
   - 2.4. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra ........ 17
   - 2.5. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga ........ 19
   - 2.6. Áfrýjunarmál til Landsréttar ........ 19
   - 2.7. Sektarboð og sektargerðir ........ 20
   - 2.8. Erlent samstarf ........ 21

# 1. kafli

## *Um verkefni ríkissaksóknara*

# 1. Ársskýrsla ríkissaksóknara 2023

### Eftirlits-, kæru- og samræmingarhlutverk ríkissaksóknara

Í árslok störfuðu við embætti ríkissaksóknara 14 ákærendur; tveir aðstoðarsaksóknarar, tíu saksóknarar, vararíkissaksóknari og ríkissaksóknari. Aðrir starfsmenn embættisins eru skrifstofustjóri, skjalastjóri, ritari sakaskrár og almennur ritari.

Stærstu einstöku málaflokkar við embætti ríkissaksóknara eru meðferð mála/málflutningur á áfrýjunarstigi fyrir Landsrétti og Hæstarétti sem og afgreiðsla kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara um að hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn.

Ríkissaksóknari gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákæruvalds til allra ákærenda og voru útgefin fyrirmæli á árinu alls fimm. Ríkissaksóknari hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá ákærendum á lægra stigi, þ.e. héraðssaksóknara og níu lögreglustjórum.

Eftirlitið felst m.a. í yfirlestri yfir alla uppkveðna héraðsdóma, viðurlagaákvarðanir og lögreglustjórasektir, meðferð kærumála vegna ákvarðana lögreglustjóra og héraðssaksóknara og fundum með lögreglustjórum og héraðssaksóknara þar sem m.a. er farið yfir málsmeðferð, málshraða og fyrirmæli ríkissaksóknara. Á árinu 2023 bárust embættinu 1526 héraðsdómar til yfirlestrar.

Ríkissaksóknari tekur afstöðu til kæru vegna ákvarðana héraðssaksóknara og lögreglustjóra um að vísa kæru frá, hætta rannsókn, fella mál niður eða falla frá saksókn, sbr. 52. gr., 145. gr., 146. gr. og 147. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Við meðferð kærumála gefst oft tilefni til að benda lögreglustjórum og héraðssaksóknara á atriði sem betur mega fara í málsmeðferð einstakra mála og/eða að beina tilmælum til þeirra um málsmeðferð almennt. Ríkissaksóknara ber að taka afstöðu til kæru innan þriggja mánaða frá því að kæran barst embættinu til meðferðar.

Á árinu 2023 bárust embættinu 262 kærumál til meðferðar og var tekin afstaða til þeirra allra innan þriggja mánaða. Nánar er fjallað um meðferð kærumála í kafla 2.4.

### Málsmeðferð sakamála á áfrýjunarstigi

Málum verður einungis áfrýjað til Hæstaréttar Íslands að fengnu leyfi réttarins til áfrýjunar. Ríkissaksóknari veitti umsagnir um 19 beiðnir dómfelldu um að áfrýja málum sínum til Hæstaréttar á árinu 2023. Voru þrjár þeirra samþykktar en þau mál vörðuðu nauðgun gegn barni, stórfelld fíkniefnabrot, peningaþvætti og skipulagða brotastarfsemi og sviptingu umsjár foreldris yfir barni. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í tveimur málum. Annars vegar var um að ræða mál þar sem sýknað var af vinnumansali og fleiri brotum gegn stjúpbörnum ákærðu. Í hinu málinu voru tveir sakborningar sýknaðir af meiri háttar skattalagabrotum með því að gera ekki grein fyrir söluhagnaði vegna sölu á aflaheimildum. Var báðum beiðnum ríkissaksóknara hafnað.

Ríkissaksóknari flytur þau sakamál sem koma til meðferðar fyrir Hæstarétti.

Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um hvort héraðsdómum er áfrýjað af ákæruvaldsins hálfu til Landsréttar. Saksóknarar við embættið flytja fyrir Landsrétti öll mál sem þangað er áfrýjað. Í sumum tilvikum þarf leyfi Landsréttar til að áfrýja sakamáli til Landsréttar, sbr. 1. mgr. 198. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ríkissaksóknari veitir umsögn um áfrýjunarbeiðnir dómfelldu til Landsréttar, sem voru 10 á árinu 2023. Var þeim beiðnum öllum hafnað. Ríkissaksóknari óskaði eftir áfrýjunarleyfi í einu máli til Landsréttar og var beiðnin samþykkt. Málið varðaði umferðarlagabrot og gildi rafrænna ökuskírteina í því sambandi.

Á árinu 2023 voru gefnar út 107 áfrýjunarstefnur í jafn mörgum málum sem áfrýjað var til Landsréttar. Nánar er fjallað um mál sem áfrýjað var til Landsréttar í kafla 2.6.

### Endurupptaka dæmdra sakamála

Ríkissaksóknari veitir umsögn um beiðni dómfellda um endurupptöku dæmds sakamáls. Einnig getur ríkissaksóknari haft frumkvæði að endurupptöku sakamála til hagsbóta fyrir dómfellda og var ein slík beiðni send Endurupptökudómi og hún samþykkt. Í því máli hafði ríkissaksóknari orðið þess áskynja að dómfellda hafði verið gerð til muna of þung refsing. Á árinu 2023 veitti ríkissaksóknari umsagnir um sex beiðnir dómfelldra um endurupptöku. Endurupptökudómur samþykkti tvær beiðnir en hafnaði fjórum.

### Aukið eftirlit ríkissaksóknara með símahlustunum og sérstökum rannsóknaraðferðum lögreglu

Með lögum nr. 103/2016, sem tóku gildi 1. janúar 2017, var ríkissaksóknara fengið stærra eftirlitshlutverk en áður þegar kemur að hlustunum lögreglu. Um eftirlit ríkissaksóknara er fjallað í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 103/2016, sbr. nú 3. mgr. 85. gr. laga um meðferð sakamála, en þar segir:

„Ríkissaksóknari hefur eftirlit með því að gögnum sé eytt og að tilkynnt sé um lok aðgerðar skv. 1. og 2. mgr. Setur hann reglur um hvernig eftirlitinu skuli háttað og skal þar m.a. koma fram hvernig tryggt verði að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.–82. gr. Ríkissaksóknari skal árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlitsins og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr.“

Í kjölfar lagabreytinganna gaf ríkissaksóknari út ný fyrirmæli um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum nr. 12/2017 sem send voru öllum lögreglustjórum og öðrum ákærendum 6. mars 2017 og birt á vef ríkissaksóknara. Skýrsla ríkissaksóknara um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum vegna ársins 2023 er birt á vefsíðu embættisins.

### Sérstakar rannsóknaraðferðir og aðgerðir lögreglu við rannsókn sakamála, sbr. reglur innanríkisráðherra nr. 516/2011

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dags. 9. maí 2014, ber ríkislögreglustjóra, lögreglustjórum og héraðssaksóknara að senda ríkissaksóknara yfirlitsskýrslu tvisvar á ári um beitingu aðgerða og aðferða sem tilteknar eru í reglum nr. 516/2011. Skýrslur liggja fyrir frá öllum embættum fyrir árið 2023.

### Menntun og þjálfun starfsmanna ákæruvaldsins

Á árinu 2023 hélt ríkissaksóknari grunnnámskeið fyrir ákærendur. Einnig stóð ríkissaksóknari fyrir fjórum endurmenntunarnámskeiðum. Á því fyrsta var fjallað um bætta réttarstöðu brotaþola, fatlaðs fólks og aðstandenda brotaþola, sbr. þær breytingar sem gerðar voru á lögum um meðferð sakamála með lögum nr. 61/2022.  Um málefnið fjölluðu Hákon Þorsteinsson og Þorvaldur Haukur Þorsteinsson, sérfræðingar í dómsmálaráðuneytinu, sem báðir komu að gerð frumvarps til laga nr. 61/2022. Í febrúar fjallaði Gísli Guðjónsson CBE PhD Emeritus Professor of Forensic Psychology um efnið falskar játningar og var svokallað Guðmundar- og Geirfinnsmál nokkuð til umfjöllunar í fyrirlestri Gísla. Í lok febrúar var námskeið sem bar yfirskriftina „Nýjar og breyttar aðferðir við yfirheyrslur og skýrslutökur“ og voru fyrirlesarar á því námskeiði Jón H.B. Snorrason, saksóknari við embætti ríkissaksóknara, Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn við embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og Eiríkur Valberg, lögreglufulltrúi við sama embætti. Á síðasta námskeiði ársins fengu ákærendur kynningu á Endurupptökudómi frá Eyvindi G. Gunnarssyni dómara við dóminn og Snædísi Ósk Sigurjónsdóttur starfsmanni dómsins.

Í lok september fóru allir starfsmenn ríkissaksóknara í námsferð til Rómar til að kynna sér skipan og verkefni ákæruvaldsins á Ítalíu, einkum meðferð sakamála á áfrýjunarstigi þar í landi, en helsta verkefni ríkissaksóknara Íslands er meðferð sakamála á áfrýjunarstigi, þ.e. meðferð mála fyrir Landsrétti og Hæstarétti.

Fimmtudaginn 28. september heimsóttu starfsmennirnir embætti ríkissaksóknara Ítalíu og Hæstarétt Ítalíu. Á móti hópnum tók Luigi Salvato ríkissaksóknari Ítalíu og saksóknararnir Fulvio Baldi og Olga Mignolo við embætti ríkissaksóknara.

Á fundi embættanna var fjallað um skipan og verkefni ákæruvaldsins en að auki fengu starfsmenn fræðslu um það kerfi sem er við lýði á Ítalíu hvað varðar menntun og þjálfun lögfræðinga sem vilja starfa hjá ákæruvaldinu og dómstólum og eftirlit með störfum ákærenda og dómara. Að lokum óskaði ríkissaksóknari Ítalíu eftir því að ríkissaksóknari Íslands myndi íhuga það að gera samkomulag (Memorandum of Cooperation) á milli embættanna til að auðvelda samvinnu og samskipti ákæruvaldsins í löndunum, ekki síst hvað varðar skipulagða brotastarfsemi, spillingu, umhverfisbrot, peningaþvætti og hryðjuverk. Eru drög að slíku samkomulagi á milli Íslands og Ítalíu í vinnslu hjá ríkissaksóknara.

Föstudaginn 29. september tók embætti saksóknarans í Róm á móti hópnum og fræddi starfsmenn um verkefni þess embættis sem hefur með höndum málsmeðferð fyrir áfrýjunarrétti Rómar (Corte di Appello di Roma) en embættið deilir húsnæði með áfrýjunarréttinum.



*Á myndinni má sjá starfsmenn embættis ríkissaksóknara ásamt Fulvio Baldi saksóknara fyrir utan Hæstarétt Ítalíu.*

**Alþjóðleg samskipti og samvinna á sviði ákæruvalds:**
Ríkissaksóknari sinnir réttarbeiðnum frá erlendum yfirvöldum og málum vegna kröfu um framsal/afhendingu íslenskra og erlendra ríkisborgara, þ.m.t. beiðnum á grundvelli Norrænu- og Evrópsku handtökuskipunarinnar (EAW).

Á árinu 2023 bárust embættinu 121 framsals-, afhendingar- og réttarbeiðni.

Ríkissaksóknari á fulltrúa í sendinefnd Íslands hjá GRECO, sem eru samtök ríkja innan Evrópuráðsins gegn spillingu, og sótti sá fulltrúi árlegan fund GRECO. Ríkissaksóknari á einnig sæti í CCPE sem er nefnd háttsettra saksóknara á vegum Evrópuráðsins og sækir árlega fundi CCPE.

Ríkissaksóknari tekur þátt í norrænu samstarfi, The Nordic Judicial Network (NJM), í tenglsum við evrópsku og norrænu handtökuskipunina og meðferð réttarbeiðna, og sækja ákærendur embættisins árlega fundi vegna þessa.

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlandanna var haldinn á Sommarøy í Noregi í ágúst 2023. Á fundinum var m.a. fjallað um baráttuna gegn skipulögðum glæpasamtökum og nýlega löggjöf á Norðurlöndunum um kynferðisbrot, einkum hvað varðar samþykki/samþykkisskort brotaþola.

**Mál í forgangi: Nauðgunarmál, kynferðisofbeldi gegn börnum og ofbeldi í nánum samböndum**
Í fyrirmælum ríkissaksóknara nr. 4/2017 er því beint til allra lögreglustjóra og héraðssaksóknara að hraða málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Í sérstökum forgangi skulu þó vera nauðgunarmál og mál sem varða ofbeldi gagnvart börn¬um og ofbeldi í nánum samböndum, sem og mál þar sem gerendur eru yngri en 18 ára.

1. janúar og 30. júní ár hvert skulu héraðssaksóknari og lögreglustjórar senda ríkis¬saksóknara lista yfir stöðu mála og málsmeðferðartíma vegna rannsóknar og ákæru¬meðferðar í nauðgunarmálum (194. gr. alm. hgl.), alvarlegum kynferðisbrotum gegn börn¬um (1. mgr. 200. gr., 1. mgr. 201. gr. og 1. mgr. 202. gr. alm. hgl.) og í málum sem varða ofbeldi í nánum samböndum (218. gr. b. alm.hgl.).

Héraðssaksóknari og lögreglustjórar skulu eigi sjaldnar en árlega setja sér markmið um með-ferð sakamála, bæði um vönduð og markviss vinnubrögð við rann¬sóknir ein¬stakra mála og ekki síður um málshraða.

# 2. kafli

## Tölulegar upplýsingar

## 2.1. Fjöldi mála og afdrif þeirra

Hér gefur að líta fjölda brota sem afgreidd voru af ákæruvaldinu á árinu 2023, greind eftir brotaflokkum. Vakin er athygli á að um er að ræða afgreidd brot, ekki fjölda kæra. Brotin geta hafa verið kærð til lögreglu fyrir 2022 og þá geta brot sem kærð voru 2021 enn verið óafgreidd af ákæruvaldinu. Fyrsta taflan geymir upplýsingar um heildarfjölda afgreiddra brota í málum á landinu öllu. Á eftir fylgja töflur með tölum um afgreidd brot í málum hjá hverju embætti. Undanskilin eru mál sem afgreidd voru með lögreglustjórasáttum og mál sem vísað var frá eða rannsókn hætt í. Næst koma töflur um samanburð á milli ára að því er varðar heildarfjölda afgreiddra brota og brot afgreidd hjá einstökum embættum. Áréttað er að tölurnar vitna um fjölda brota en í hverju máli geta verið fleiri en eitt brot.

**Skýringar með töflum:**

Niðurfelld mál: Mál er fellt niður þegar ákærandi telur að það sem komið hefur fram við rannsókn sé ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, sbr. 145. gr. laga um meðferð sakamála.

Fallið frá saksókn: Þótt ákærandi telji að það sem fram hefur komið við rannsókn sé nægilegt til sakfellis í dómsmáli á hendur sakborningi, hefur hann vissa heimild samkvæmt 146. gr. laga um meðferð sakamála til að láta við svo búið standa og falla frá saksókn.

Ákærufrestun: Þegar aðili hefur játað brot sitt er ákæranda heimilt, samkvæmt 56. gr. almennra hegningarlaga, að fresta um tiltekinn tíma útgáfu ákæru. Á þetta einkum við um brot sem ungmenni á aldrinum 15-21 árs hafa framið.

**Öll mál**

| Allt landið | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Landráð | 1 | 0 | 100% | 0 | 0 | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Brot gegn stjórnskipun ríkisins og æðstu stjórnvöldum | 11 | 2 | 18% | 0 | 0% | 9 | 82% | 0 | 0% |
| Brot gegn valdstjórninni | 108 | 62 | 57% | 11 | 10% | 32 | 30% | 3 | 3% |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 2 | 1 | 50% | 0 | 0% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Brot í opinberu starfi | 11 | 2 | 18% | 1 | 9% | 8 | 73% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 19 | 12 | 63% | 0 | 0% | 7 | 37% | 0 | 0% |
| Peningafals og önnur brot er varða gjaldmiðil | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 72 | 63 | 88% | 5 | 7% | 4 | 6% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 97 | 88 | 91% | 0 | 0% | 9 | 9% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 321 | 133 | 41% | 16 | 5% | 160 | 50% | 12 | 4% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 471 | 262 | 56% | 27 | 6% | 175 | 37% | 7 | 1% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 52 | 26 | 50% | 6 | 12% | 20 | 38% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 184 | 92 | 50% | 18 | 10% | 73 | 40% | 1 | 1% |
| Auðgunarbrot | 986 | 753 | 76% | 165 | 17% | 65 | 7% | 3 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 289 | 213 | 74% | 9 | 3% | 67 | 23% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Skattalög | 80 | 73 | 91% | 0 | 0% | 7 | 9% | 0 | 0% |
| Tollalög | 8 | 2 | 25% | 2 | 25% | 4 | 50% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 530 | 474 | 89% | 11 | 2% | 45 | 8% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 114 | 87 | 76% | 6 | 5% | 21 | 18% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 25 | 20 | 80% | 1 | 4% | 4 | 16% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 1339 | 1265 | 94% | 17 | 1% | 57 | 4% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 294 | 269 | 91% | 3 | 1% | 22 | 7% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 722 | 689 | 95% | 3 | 0% | 30 | 4% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 190 | 189 | 99% | 0 | 0% | 1 | 1% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 260 | 144 | 55% | 6 | 2% | 109 | 42% | 1 | 0% |
| ALLS | 6201 | 4933 | 80% | 307 | 5% | 934 | 15% | 27 | 0% |

## Ríkissaksóknari

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Landráð | 1 | 0 | 0 | 0 | | 1 | 100 | | |
| ALLS | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot gegn valdstjórninni | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 11 | 10 | 91% | 0 | 0% | 1 | 9% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 33 | 28 | 85% | 4 | 12% | 1 | 3% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 8 | 7 | 88% | 0 | 0% | 1 | 13% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 160 | 80 | 50% | 16 | 10% | 64 | 40% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 78 | 46 | 59% | 4 | 5% | 28 | 36% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 803 | 627 | 78% | 148 | 18% | 28 | 3% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 100 | 80 | 80% | 6 | 6% | 14 | 14% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Tollalög | 5 | 2 | 40% | 2 | 40% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 308 | 289 | 94% | 8 | 3% | 11 | 4% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 62 | 60 | 97% | 0 | 0% | 2 | 3% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 838 | 821 | 98% | 7 | 1% | 10 | 1% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 184 | 181 | 98% | 1 | 1% | 2 | 1% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 541 | 537 | 99% | 3 | 1% | 1 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 177 | 177 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 90 | 60 | 67% | 1 | 1% | 28 | 31% | 1 | 1% |
| ALLS | 3405 | 3008 | 88,3 | 200 | 5,9 | 196 | 5,8 | 1 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Vesturlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot í opinberu starfi | 2 | 0 | 0% | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 10 | 6 | 60% | 0 | 0% | 4 | 40% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 2 | 0 | 0% | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 5 | 4 | 80% | 1 | 20% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 62 | 61 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 12 | 10 | 83% | 0 | 0% | 2 | 17% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 18 | 17 | 94% | 0 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 8 | 1 | 13% | 0 | 0% | 7 | 88% | 0 | 0% |
| ALLS | 134 | 113 | 84,3 | 4 | 3,0 | 17 | 12,7 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Kynferðisbrot | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 6 | 3 | 50% | 0 | 0% | 3 | 50% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 3 | 0 | 0% | 0 | 0% | 3 | 100% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 1 | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 2 | 0 | 0% | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 9 | 9 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 6 | 6 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| ALLS | 33 | 24 | 72,7 | 1 | 3,0 | 8 | 24,2 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi vestra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 6 | 4 | 67% | 0 | 0% | 2 | 33% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 3 | 2 | 67% | 1 | 33% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 7 | 5 | 71% | 0 | 0% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 18 | 13 | 72% | 4 | 0% | 1 | 6% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 11 | 11 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| ALLS | 53 | 41 | 77,4 | 5 | 9,4 | 7 | 13,2 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ALMENN HEGNINGARLÖG | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 1 | 50% | 1 | 50% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 27 | 13 | 48% | 1 | 4% | 11 | 41% | 2 | 7% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 16 | 9 | 56% | 3 | 19% | 3 | 19% | 1 | 6% |
| Auðgunarbrot | 53 | 42 | 79% | 7 | 13% | 1 | 2% | 3 | 6% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 26 | 24 | 92% | 1 | 4% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| SÉRREFSILÖG | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 49 | 48 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 7 | 5 | 71% | 0 | 0% | 2 | 29% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Áfengislög | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 135 | 119 | 88% | 0 | 0% | 16 | 12% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 32 | 32 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 44 | 43 | 98% | 0 | 0% | 1 | 2% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 5 | 5 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 27 | 26 | 96% | 0 | 0% | 1 | 4% | 0 | 0% |
| ALLS | 435 | 378 | 86,9 | 14 | 3,2 | 37 | 8,5 | 6 | 1,4 |

## Lögreglustjórinn á Austurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | **fjöldi** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 18 | 9 | 50% | 6 | 33% | 3 | 17% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 12 | 4 | 33% | 7 | 58% | 1 | 8% | 0 | 0% |
| Auðgunarbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 5 | 3 | 60% | 2 | 40% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um fiskveiðar | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 21 | 21 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 4 | 4 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 4 | 3 | 75% | 0 | 0% | 1 | 25% | 0 | 0% |
| ALLS | 79 | 58 | 73,4 | 15 | 19,0 | 6 | 7,6 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | **fjöldi** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 13 | 6 | 46% | 0 | 0% | 7 | 54% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 7 | 0 | 0% | 0 | 0% | 7 | 100% | | 0% |
| Auðgunarbrot | 11 | 10 | 91% | 0 | 0% | 1 | 9% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 8 | 5 | 63% | 0 | 0% | 3 | 38% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 8 | 8 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Lög um siglingar og útgerð | 4 | 4 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 7 | 7 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 3 | 3 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 3 | 1 | 33% | 0 | 0% | 2 | 67% | 0 | 0% |
| ALLS | 67 | 47 | 70,1 | 0 | 0,0 | 20 | 29,9 | 0 | 0,0 |

## Lögreglustjórinn á Suðurlandi

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | **fjöldi** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** | **fjöldi** | **%** |
| Rangur framburður og rangar sakargiftir | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 2 | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 2 | 0 | 0% | 2 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 37 | 17 | 46% | 3 | 8% | 14 | 38% | 3 | 8% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 17 | 3 | 18% | 6 | 35% | 8 | 47% | 0 | 0% |

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Auðgunarbrot | 33 | 23 | 70% | 5 | 15% | 5 | 15% | 0 | 0% |
| Ýmis brot er varða fjárréttindi | 8 | 3 | 38% | 0 | 0% | 5 | 63% | 0 | 0% |
| **SÉRREFSILÖG** | | | | | | | | | |
| Tollalög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Lög um ávana- og fíkniefni | 24 | 17 | 71% | 1 | 4% | 6 | 25% | 0 | 0% |
| Vopnalög | 4 | 0 | 0% | 1 | 25% | 3 | 75% | 0 | 0% |
| Veiðilög | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Umferðarlög, önnur en ölvunarakstur og fíkniefnaakstur | 103 | 89 | 86% | 1 | 1% | 13 | 13% | 0 | 0% |
| Ölvunarakstur 49. gr. umfl. | 35 | 20 | 57% | 2 | 6% | 13 | 37% | 0 | 0% |
| Fíkniefnaakstur 50. gr. umfl. | 48 | 25 | 52% | 0 | 0% | 23 | 48% | 0 | 0% |
| Lyfjaakstur 2. mgr. 48. gr. umfl. | 5 | 4 | 80% | 0 | 0% | 1 | 20% | 0 | 0% |
| Önnur sérrefsilög | 17 | 7 | 41% | 3 | 18% | 7 | 41% | 0 | 0% |
| ALLS | 338 | 210 | 62,1 | 24 | 7,1 | 101 | 29,9 | 3 | 0,9 |

## Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

| | Alls | Ákærur | | Fallið frá saksókn | | Niðurfelld mál | | Ákærufrestun | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ALMENN HEGNINGARLÖG** | fjöldi | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % | fjöldi | % |
| Brot á almannafriði og allsherjarreglu | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Skjalafals og önnur brot er varða sýnileg sönnunargögn | 31 | 28 | 90% | 0 | 0% | 3 | 10% | 0 | 0% |
| Brot, sem hafa í för með sér almannahættu | 3 | 2 | 67% | 0 | 0% | 1 | 33% | 0 | 0% |
| Kynferðisbrot | 1 | 0 | 0% | 0 | 0% | 1 | 100% | 0 | 0% |
| Manndráp og líkamsmeiðingar | 33 | 19 | 58% | 1 | 3% | 13 | 39% | 0 | 0% |
| Brot gegn frjálsræði manna | 1 | 1 | 100% | 0 | 0% | 0 | 0% | 0 | 0% |
| Ærumeiðingar og brot gegn friðhelgi einkalífs | 24 | 11 | 46% | 1 | 4% | 12 | 50% | 0 | 0% |
